

„Geðhjálp verður að fá aukna að stoð“

— segja Magnús Þorgrímsson, sálfræðingur og formaður Geðhjálpar og Gísli Theodórsson, ritstjóri.

„Ég kynntist fólki með geðræn vandamál þegar ég vann á Kleppspítalanum árið 1978 og er sjálfur læstur sálfræðingur. Eins vann ég í klúbbum í Danmörku, en þar fer fram sviptuð starfsemi og rekin er nuna niður við Hallærisplanið hér í Reykjavík. Sá klúbbur var í Árósum og var fyrir fólk sem hafði verið lagt inn á geðsjúkrahús og var hugsaður sem eftir-meðferð til að brjóta upp félagslega einangrun fólks með geðræn vandamál“, sagði Magnús Þorgrímsson, sálfræðingur og formaður Geðhjálpar, en hann og Gísli Theodórsson, ritstjóri tímaritsins Geðhjálp komu að máli við blaðamann í gær.

„Við starfkrækjum félagsmiðstöð að Veltusundi 3,b. Þar er opið hús fyrir fólk með geðræn vandamál og eins aðstandendur þess, sem gefur þessu fólki tækifæri til að hittast og ræða sín máli og brjóta upp einangrun og hömlur sem fólk með geðræn vanda-

mál á oft við að stríða“, sagði Magnús.

Einangrun


„Þetta fólk er oft mjög einangrað og á erfitt með að opna sig gagnvart öðru fólki. Snar þáttur í vandamálum fólks með geðræn vandamál er einangrun. Það á í



Magnús Þorgrímsson, sálfræðingur og formaður Geðhjálpar.

erfiðleikum með að finna sér félagskap við hæfi. Fólk kannski býr eitt í herbergi út í bæ og vantar mannleg samskipti, en skortur á

Geðhjálp



Timaritid Geðhjálp, 2. tbl. er komið út.

þessum mannlegu samskiptum auka oft á tíðum á hin geðrænu vandamál sem þegar eru fyrir hendi. Einnig getur þetta fólk einangrað þótt það eigi fjölskyldu og vini, ef það hefur ekki lag á að notfæra sér þó umhverfi sitt, en það er eitt einkenni sjúkdómsins að fólk líkast inn í sjálfa sér, fái það ekki aðstoð.

Við tilkomu þessarar félagsmiðstöðvar í Veltusundinu er komið tækifæri til að brjótast út úr þessari innlokun og eignast vini sem skilja vandamálið. Þarna eiga menn sem sagt val sem ekki hefur verið til staðar áður, bæði hinir sjúku og eins aðstandendur þeirra.

Manneskjan

Markmiðið með stofnun þessarar félagsmiðstöðvar er einnig að bjóða upp á þjónustu sem er annars eðlis en formlugar stofnanir bjóða upp á. Hjá stofnun eins og sjúkrahúsi t.d. gengur viðkomandi inn í ákveðið hlutverk, þ.e. hlutverk sjúklings.

En í félagsmiðstöðinni er viðkomandi tekinn sem manneskja. Það er enginn sem spyr að fyrra bragði hvort viðkomandi eigi við vandamál að stríða eða ekki. Einstaklingnum er alveg í sjálfsvald



Gísli Theodórsson, ritstjóri tímaritsins Geðhjálp.

Framhald á bls. 2

bls. 2

Geðhjálp

1

sett hvort hann skýrir frá því eða ekki, — hvort þú ert sjúkur eða heilbrigður. Þú verður að koma með það sjálfur og aðeins ef þú vilt sjálfur. Þarna eru allir réttárir. Allt sem þarna fer fram byggir á gagnkvæmri virðingu, það er aðalatriðið. En það er einmitt það sem við höfum fundið inn á geðsjúkrahúsum að skortir oft á tíðum. Viðkomandi er þar alltaf tekinn sem sjúkur maður.

Sjálfsvirðing

Þess vegna teljum við það grundvallaratriði til þess að fólk geti óðlast heilbrigði, að það njóti virðingar og geti við óðlast sjálfsvirðingu sem er eitt grundvallaratriðið í bata. Þess vegna var þessari félagsmiðstöð komið á fót.

Félagsmiðstöðin tók til starfa haustið 1982 og var fyrst í Báraugötu 11. Síðan misstum við það húsnæði, en fengum þá inni í Veltusundi 3,b. Það húsnæði er víðumandi, en vissulega vantar okkur gott framtíðarhúsnæði. Þarna er til dæmis slæmt aðstoða fyrir fatlaða.

Þetta starf eins og það er í dag byggist nær eingöngu á sjálfbodálíðsvinnu, sem að mestu leyti er unnið af aðstandendum. Við höfum lagt áherslu á að virkja aðstandendur eins og við höfum getað og það er yfirleitt mjög auðsött mál og aðstandendur eru áhugasamir. Einnig höfum við reynt að fá skjólstöðingja sjálfa til að ganga inn í það hlutverk að standa sjálfir fyrir öpun húsi. En það er þáttur í því að byggja upp þessari sjálfsvirðingu.

Samtök Geðhjálpar geta ekki sjálf boðið upp á læknaþjónustu,

en við getum vísað fólki á lækna út í bæ sem við mælum sérstaklega með. Og í sambandi við læknaþjónustuna, þar hefur orðið gjörbreyting, t.d. í lyfjagjöf o.fl. félagsráðgjöf og geðfræðilegri þjónustu. En engu að síður er mjög mikil nauðsyn á þessari starfsemi okkar. Það hefur komið mjög glögt í ljós.

15—20%

Við höfum ekki ákveðna tölu um það hversu margir Íslendingar eiga við geðræn vandamál að stríða, en það er almennt talið að 15—20% þjóðarinnar lendi einhvern tímann á lífsleiðinni í þeirri aðstöðu að þurfa að glíma við geðræn vandamál. Allir lenda fyrr eða síðar í því að þurfa að glíma við tilfinningalegt uppnám. Hvort svo það verður varanlegt eða ekki, það er mjög misjafnt. En það sem við erum að tala um hér er fyrirbrigði sem ristir dýpra en það. Það eru tilfelli sem fólk á erfitt með að brjótast út úr af sjálfsáðæm.

Við höfum fengið órlitinn stuðning frá Reykjavíkurborg sem við erum að sjálfsögðu mjög þakklát fyrir, t.d. fyrir húsaleigu og núna erum við að vonast eftir stuðningi félagsmálaráðuneytisins. En til þess að geta rekið opið hús allan sólarhringinn, sem er alger nauðsyn og er alltaf að koma betur og betur í ljós, þá þurfum við aukinn stuðning. Við þurfum að auka starfsemi okkar verulega og það er ekki hægt endlaust að biðja fólk um að gera slíkt kauplaust. Þess vegna þurfum við með einhverjum hætti að útvega fjármagn til þess að geta greitt því góða toki laun sem starfar hördum höndum fyrir okkur með ýmsum hætti.

Við höfum bæði farið þess á leit við ríki og borg að okkur verði

veittur aukinn stuðningur, en sú beiðni hefur legið hjá þessum aðilum í tvö ár og ekki enn komið svar við henni. Við erum vissulega þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum þegar fengið, en hann er því miður ekki nægur til þess að hægt sé að halda uppi bráðnaðsynlegri þjónustu. Það er sem sagt að verða erfitt að halda lanegur áfram með því að standa í stað án þess að verði aukning í þjónustunni.

Málin standa þannig í dag að ef við ekki fáum aukna aðstoð þá er fyrirjáanlegt að við verðum að minnka okkar þjónustu og það má alls ekki gerast. Eg veit að allir eru sammála um það sem þekkjast eitthvað til þessara mála“, sagði Magnús Þorgrímsson, formaður Geðverndar að lokum.

Einstæð

sem skilaboð til þingheims, að hann teldi það mjög vafasamt að á Alþingi væri flutt slíkt mál.

Þetta mun vera einstæði í þingsöggunni. Hingað til hafa menn staðið í þeirri trú að um væri að ræða aðskilnað löggjafarvalds og dómsvalds, að löggjafinn hlítu ekki fyrirrælugum utanaðkomandi aðila um lagasetningu sína; að dómsvaldið túlkaði lög og dæmdi eftir lögum. Þetta dæmi um samskipti æðstu handhafa framkvæmdavalds og dómsvalds er ekkert minna en reginhneyksli, þótt það virðist að mestu hafa farið framhjá fjölmiðlum.

Þess hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu, hvernig menn brygðust við frumvarpi Ingvars Gíslasonar um að Hæstiréttur tilnefndi í slíka nefnd utanþingsmanna. Sjálfstæðismenn hafa brugðist við á þann veg, að segja að samþykkt tillöggunnar bæri að túlka sem vantraust á Sverri Hermannsson, það væri því ríkisstjórnarspursmál — og varðaði stjórnsræðisástand.

Sýnast hafa orðið miklar deilur um málsmeðferð. Nú liggja fyrir Alþingi tvær þingsályktunartilögur og eitt lagafrumvarp um málið. Sjálfstæðismenn brugðust við frumvarpi Ingvars með því að leggja fram frávísunartilöggu. Rökin fyrir frávísuninni eru þau að fræðslustjórninni hafi þegar stefnt fjármálaráðherra vegna málsins. Málið sé því komið í dómstóla. Það sé því óeðlilegt að Alþingi sé að fjalla um málið á meðan.

Við nánari skoðun standast þessi

mál ekki. Augljós hliðstæða er Utvegsbankamálið. Þá komst þingmeirihluti sjálfstæðis- og framsóknarmanna að þeirri niðurstöðu, að flytja á Alþingi frumvarp til laga um að Hæstiréttur skipaði nefnd utanþingsmanna til þess að rannsaka Utvegsbankamálið. Það var skilmerkilega tekið fram að nefndin ætti ekki að rannsaka þá þætti málsins sem þegar væru til meðferðar innan dómskerfisins. Hins vegar átti nefndin að rannsaka aðra þætti málsins sem lutu að stjórnsýslu, viðskiptum einstaklinga í stjórnkerfinu, ábyrgð þeirra og spurningunni um hagsmunaaðreksstra.

Tillaga Ingvars er að þessu leyti alveg hliðstæð. Hann leggur til að Hæstiréttur skipi nefnd utanþingsmanna. Sú nefnd á ekki að fjalla um þann þátt málsins sem fræðslustjóri hefur stefnt út af. Hún á eingöngu að fjalla um aðra þætti, þ.e.a.s. stjórnsýsluþætti: Samskiptaörðuleika menntamálaráðuneytis og fræðslufirvalda nýrðra og framkvæmd grunnskólalaga. Með öðrum orðum: Þá þætti sem beinlínis heyrar undir lagasetningu Alþingis og eftirlit Alþingis með framkvæmd slíkra laga.

Sjálfr hefur Sverri Hermannsson lýst því yfir með nokkru þjósti í fjölmiðlum að hann taki ekki við fyrirskiptum þeirra fyrir norðan. Hann hefur sagt: Mitt umbod kemur frá Alþingi. Eg beygi mig fyrir vilja Alþingis.

Það skýtur því skökku við, þegar flutt er tillaga á Alþingi um að Alþingi sinni eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdavaldinu, að þá rjúka sjálfstæðismenn upp til handa og fóta og hrópa fyrirfram: Vantraust, — Eða að málið eigi undir engum kringumstæðum að vera á vettvangi Alþingis.

Að því er varðar spurninguna um vantraust þá eru tvær hliðar á því máli: Ef sjálfstæðismenn líta á samþykkt frumvarpsins á Alþingi sem vantraust á menntamálaráðherra, þá hlýtur gagnályktunin að vera sú að greiði menn atkvæði með frávísuninni séu þeir um leið að lýsa einhverju sérstöku trausti á framgöngu menntamálaráðherra í málinu. Þetta þýðir að þeir sem ekki hafa sérstaka ástæðu til traustfyrirlyðingu á menntamálaráðherra gætu valdið misskilningi ef þeir greiddu frávísuninni atkvæði.

Eftir yfirlýsingu forsætisráðherra er ljóst að málið verður að fá þinglega meðferð. Því verður ekki trúað fyrirfram að meirihluti Alþingis taki við fyrirrælugum eða

lagatúlkunum frá forseta Hæstaréttar í gegnum sendiböðu í gervi forsætisráðherra. Þar er þess vegna lágmarkskrafa að málið fari til nefndar. Og að þingnefnd krefji fyrir sig hina færustu lögfræðinga til þess að fá botn í það hvort laga-skrýningar fluttar úr ræðustól á Alþingi standist.

Hingað til hefur það verið held manna að meirihluti þingmanna Framsóknarflokksins þyrði ekki að fylgja frumvarpi Ingvars í atkvæðagreiðslum af ötta við hótanir sjálfstæðismanna um stjórnarsit. Á máli Páls Péturssonar, þingflokksformanns, mátti þó ráða að þeir væru að hugleiða hvort þeir ættu ekki að manna sig upp í stuðning við frumvarpið, alla vegna þingflokksformaður fram á fræstum atkvæðagreiðslu til miðvikudags. Á göngum Alþingis mátti heyrar að talsvert uppnám væri í röðum stjórnsræðinga vegna máls. Flestir blást þó við því að Framsókn löfvi — eins og fyrri daginn“, sagði Jón Baldvin Hannibalsson.

Hæstiréttur

sýslustörf af þessu tagi svo sem skipun mats- eða rannsóknarnefndar sem auk þess er oft álagt að fjalla um stórpólitísk mál. Af því leiðir svo einnig það óheppilega forðemi, að dómstólar geti eða þurfi að gripa inn í starfsemi löggjafans sem er annar sjálfstæður þáttur ríkisvaldsins og hafa þar með áhrif á meðferð og framvindumála þar“, sagði Jónatan Þórmondsson, prófessor við Lagadeild Háskólans, í samtali við Alþýðublaðið í gær, aðspurður um þá uppákomu á Alþingi s.l. mánudag, þegar forsætisráðherra þar þingheimi þau skilaboð frá forseta Hæstaréttar, að hann teldi það í hæsta máta óeðlilegt að rétturinn tilnefndi menn í nefnd til að rannsaka fræðslustjóramálið þegar ljóst er að fræðslustjórnin sjálfur hefur þegar stefnt fjármálaráðherra vegna brottvikningar sinnar.

Jónatan Sveinsson, lögmáður Sturlu Kristjánssonar, sagði í viðtali við Alþýðublaðið í gær að þetta málið kæmi ekkert nálægt þetta höfdu. „Ég er að vinna ákveðið lögmansverk og á föstudag í síðustu viku var ég reidubúinn að gefa út stefnu sem ég og gerði. Eg hef enga aðstöðu til að láta hafa neitt eftir mér í þessu sambandi og því síður get ég metið það hvort þarna eru að verða einhver nánari samskipti milli dómsvalds, löggjafar- og framkvæmdavalds, en verið hefur.“